

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 1. nóvember 1976 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Vestmannaeyjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 388.

5. nóvember 1976.

SAMÞYKKT

um hundahald í Miðneshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Miðneshreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal nota til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skylt er hverjum hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Smalahundar skulu þó vera undanþegnir þessu ákvæði á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni til kl. 22.00 að kvöldi. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnslustöðvar, eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum, sem og undanþága fyrir smalahunda sbr. d-lið, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró hreppsþúa og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti, skal hundinum komið fyrir